

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

Mánudaginn 19. október 2009 kl. 14:00 kom landbúnaðarráð Húnaþings vestra saman til 93. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa fjallskiladeilda.
2. Viðhald styrkvega.
3. Upplýsingar um refa- og minkaveiði.
4. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Til fundar með landbúnaðarráði eru mættir fulltrúar fjallskilastjórna Hrútfirðinga, Miðfirðinga, Vatnsnesinga og Víðdælinga. Fulltrúar fjallskilastjórna kynntu tillögur sínar og áherslur vegna gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2010. Erindum fjallskilastjórna vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar. Rætt um tillögur fjallskilastjórna og áhersluatriði svo og önnur málefni t.d. styrkvegi, línubrjóta, refa- og minkaeyðingu, uppsetningu rotþróa við gangnamannaskála o.fl.
2. Fram lagðar upplýsingar um viðhaldsframkvæmdir styrkvega. Unnið var að viðhaldi styrkvega fyrir um 5,5 millj. kr. og fjárveiting því fullnýtt.
3. Fram lagðar upplýsingar um refa- og minkaveiði 1. september 2008 – 31. ágúst 2009. Kostnaður er alls kr. 5.546.591- Unnin grendýr eru 62, yrðlingar 176, hlaupadýr 110 og minkar 64.
4. Önnur mál.
 - A) Sveitarstjóri kynnti samþykkt byggðarráðs þar sem óskað er umsagnar landbúnaðarráðs á atriðum sem vinnuhópur sem skipaður hefur verið af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur haft til skoðunar í tengslum við endurskoðun á jarða- og ábúðarlögum. Samþykkt að haldinn verður fundur í nefndinni þann 23. október nk. kl. 10:00 um þetta mál.

Örn Óli Andrússon og Þórarinn Óli Rafnsson boðuðu forföll.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:20.

Sigtryggur Sigurvaldason(sign.),
Þorsteinn B. Helgason(sign.),

Skúli Þórðarson(sign.),
Agnar Jónsson(sign.).